

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

1. *Hvernig hafa útgjöld stærstu sveitarfélaganna til fjárhagsaðstoðar þróast árin 2000–2004, sundurliðað eftir sveitarfélögum og tegund aðstoðar, og hversu hátt hlutfall er aðstoðin af tekjum einstakra sveitarfélaga? Óskað er eftir áætlunum um útgjöld á árinu 2004.*

Óskað var eftir upplýsingum frá fjölmennustu sveitarfélögum: Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Reykjanesbæ og Garðabæ. Óskað var eftir því við félagsþjónustuna að fjárhæðir væru sundurliðaðar með tilliti til þess um hvers konar aðstoð var að ræða, annars vegar lágmarksfjárhagsaðstoð, sem víða er nefnd grunnaðstoð og felur í sér aðstoð til brýnustu nauðsynja, og hins vegar aðstoð vegna sérstakra aðstæðna. Ekki gátu öll sveitarfélögin sundurliðað þessar fjárhæðir og birtast því fyrst heildartölurnar í töflu 1. Í töflu 2 má sjá fjárhæðina sundurliðaða í grunngreiðslur og aðra fjárhagsaðstoð. Í töflu 3 koma fram útgjöld sveitarfélaga sem hlutfall af skatttekjum.

Tafla 1. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar, þús. kr.

	2000	2001	2002	2003	Áætlun 2004
Reykjavík	610.910	680.583	965.824	1.085.421	1.201.981
Kópavogur	37.750	34.875	68.996	70.249	68.000
Hafnarfjörður	45.300	38.500	50.300	73.000	70.600
Akureyri	26.252	37.384	44.621	47.114	47.000
Reykjanesbær	16.812	24.130	29.285	35.862	27.000
Garðabær	2.300	4.816	10.500	11.630	10.300
Samtals	739.324	820.288	1.169.526	1.323.276	1.424.881

Í töflu 2 birtast sundurliðaðar fjárhæðir hjá Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Frá Kópavogi bárust ekki nánari upplýsingar fyrir árið 2000 og áætlunin fyrir árið 2004 er ekki sundurliðuð. Hin sveitarfélögin gerðu ekki nánari grein fyrir aðstoðinni. Með grunnaðstoð er átt við greiðslur til einstaklinga og fjölskyldna sem hafa tekjur undir lágmarksviðmiðum sem tilgreind eru í reglum hvers og eins sveitarfélags. Önnur fjárhagsaðstoð er greiðslur samkvæmt heimildum til að veita einstaklingum eða fjölskyldum fjárhagsaðstoð vegna sérstakra aðstæðna, svo sem óvæntra áfalla eða sérstaks kostnaðar vegna barna. Þessar heimildir geta verið mismunandi milli sveitarfélaga.

Tafla 2. Sundurliðuð útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar, þús. kr.

	2000	2001	2002	2003	Áætlun 2004
Reykjavík					
Grunnaðstoð	442.747	470.678	630.297	699.058	828.250
Önnur fjárhagsaðstoð	150.838	198.536	323.800	372.560	363.731
Samtals	610.910	680.583	965.824	1.085.421	1.201.981

	2000	2001	2002	2003	Áætlun 2004
Kópavogur					
Grunnaðstoð		25.853	40.164	41.378	
Önnur fjárhagsaðstoð	37.750	9.022	28.832	28.871	68.000
Samtals	37.750	34.875	68.996	70.249	68.000
Hafnarfjörður					
Grunnaðstoð	40.800	35.500	45.200	65.100	66.900
Önnur fjárhagsaðstoð	4.500	3.000	5.100	7.900	3.700
Samtals	45.300	38.500	50.300	73.000	70.600

Í töflu 3 kemur fram hversu hátt hlutfall aðstoðin er af skatttekjum einstakra sveitarfélaga.

Tafla 3. Fjárhagsaðstoð sem hlutfall af skatttekjum.

	2000	2001	2002	2003
Reykjavík	2,9%	2,7%	3,5%	3,7%
Kópavogur	0,9%	0,7%	1,2%	1,1%
Hafnarfjörður	1,2%	0,9%	1,0%	1,3%
Akureyri	1,0%	1,1%	1,2%	1,2%
Reykjanesbær	0,8%	1,0%	1,2%	1,4%
Garðabær	0,1%	0,2%	0,5%	0,5%
Samtals	2,1%	1,9%	2,5%	2,7%

2. *Hversu margir nutu fjárhagsaðstoðar stærstu sveitarfélaganna á sama tímabili, sundurliðað eftir sveitarfélögum, kyni og fjölskylduaðstæðum?*

Í töflu 4 kemur fram að tæplega 6 þúsund fjölskyldur nutu aðstoðar árið 2002. Ekki eru fyrir hendi nýrri tölur yfir allt landið. Í töflu 5 er að finna fjölda fjölskyldna sundurliðað eftir fjölskyldugerð í einstökum sveitarfélögum á árabílinu 2000 til 2003. Hafa ber í huga að með barnlausu fólki er hér átt við þá sem ekki eru með börn á sínu framfæri, engu að síður getur verið um að ræða fólk sem greiðir meðlag með börnum sínum.

Tafla 4. Fjöldi íbúa sem naut fjárhagsaðstoðar árin 2000–2003, sundurliðað eftir kyni og fjölskyldugerð.

Samtals öll sveitarfélög á landinu	2000	2001	2002
Einstæðir karlar með börn	69	99	107
Einstæðir karlar, barnlausir	1.596	1.686	2.113
Einstæðar konur með börn	1.541	1.743	1.994
Einstæðar konur, barnlausar	777	839	1.031
Hjón/sambúðarfólk með börn	405	356	479
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	224	203	206
Fjöldi fjölskyldna/heimila	4.612	4.926	5.930

Heimild: Landshagir 2004. Undanskilin eru sveitarfélög með færri en 250 íbúa.

Tafla 5. Fjöldi íbúa sem naut fjárhagsaðstoðar árin 2000–2003, sundurliðað eftir sveitarfélögum, kyni og fjölskyldugerð.

	2000	2001	2002	2003
Reykjavík				
Einstæðir karlar með börn	28	43	50	62
Einstæðir karlar, barnlausir	1.055	1.215	1.441	1.541
Einstæðar konur með börn	829	970	1.092	1.132
Einstæðar konur, barnlausar	471	548	701	753
Hjón/sambúðarfólk með börn	159	116	191	188
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	138	88	125	126
Fjöldi fjölskyldna/heimila	2.680	2.980	3.600	3.802
Kópavogur				
Einstæðir karlar með börn		0	0	
Einstæðir karlar, barnlausir		92	109	
Einstæðar konur með börn		130	138	
Einstæðar konur, barnlausar		52	63	
Hjón/sambúðarfólk með börn		25	26	
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus		6	10	
Fjöldi fjölskyldna/heimila		305	346	
Hafnarfjörður				
Einstæðir karlar með börn	4	4	7	9
Einstæðir karlar, barnlausir	67	68	83	102
Einstæðar konur með börn	102	107	125	134
Einstæðar konur, barnlausar	33	41	46	52
Hjón/sambúðarfólk með börn	16	12	10	21
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	4	1	3	6
Fjöldi fjölskyldna/heimila	226	233	274	324
Akureyri				
Einstæðir karlar með börn	6	10	15	12
Einstæðir karlar, barnlausir	74	84	83	90
Einstæðar konur með börn	115	135	140	134
Einstæðar konur, barnlausar	58	58	58	52
Hjón/sambúðarfólk með börn	22	28	32	37
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	4	11	10	5
Fjöldi fjölskyldna/heimila	279	326	338	330
Reykjanesbær				
Einstæðir karlar með börn	3	0	0	0
Einstæðir karlar, barnlausir	41	40	89	98
Einstæðar konur með börn	75	58	104	106
Einstæðar konur, barnlausar	39	28	50	52
Hjón/sambúðarfólk með börn	31	42	56	11
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	0	45	0	11
Fjöldi fjölskyldna/heimila	189	213	299	278

	2000	2001	2002	2003
Garðabær				
Einstæðir karlar með börn	0	1	3	1
Einstæðir karlar, barnlausir	10	13	33	39
Einstæðar konur með börn	7	15	17	22
Einstæðar konur, barnlausar	4	13	6	8
Hjón/sambúðarfólk með börn	4	3	7	2
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus	1	2	2	5
Fjöldi fjölskyldna/heimila	26	47	68	77

Upplýsingar í töflu 5 eru fengnar frá viðkomandi sveitarfélögum. Frá Kópavogi bárust einungis sundurliðaðar upplýsingar fyrir árin 2001 og 2002.

3. *Telur ráðherra að öll sveitarfélög hafi sett sér reglur um fjárhagsaðstoð sem uppfylli skyldur þeirra í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga?*

Í 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, er kveðið á um sveitarfélög skuli sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum og jafnframt tryggja að þeir geti séð fyrir sér og sínum. Í VI. kafla laganna er fjallað um fjárhagsaðstoð og skal sveitarstjórn hver um sig setja sér reglur um fjárhagsaðstoð. Ekki er kveðið á um lágmarksfjárhæð til framfærslu í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Árið 2003 samdi ráðuneytið nýjar leiðbeiningar til sveitarfélaganna um reglur um fjárhagsaðstoð í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök félagsmálastjóra á Íslandi. Þar er lagt til að lágmarksfjárhæð til einstaklings sé 84.245 kr. og er miðað við ákveðnar fjárhæðir bóta Tryggingastofnunar ríkisins¹. Enn fremur er lagt til að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna hjá tekjulágum heimilum, svo sem vegna þarfa ungra barna, kostnaðar við skólasókn ungmenna sem þurfa að sækja framhaldsskóla fjarri heimabyggð og óvæntra áfalla. Gerð reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er á hinn bóginn í höndum hvers og eins sveitarfélags. Reglurnar skulu vera í samræmi við skyldur sveitarfélaganna samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í þessu felst meðal annars að í reglunum skal viðunandi lágmarksfjárhæð tilgreind sem félagsmálanefnd noti við mat á fjárþörf.

Sveitarfélögin hafa valið mismunandi leiðir við mat á fjárþörf. Tvær leiðir eru tilgreindar í leiðbeiningum ráðuneytisins. Annars vegar að fjárþörf sé miðuð við alla fjölskylduna og framfærsla barna talin með í útreikningi, ef þau eru á heimili, og hins vegar að einungis sé tekið mið af fjárþörf fullorðinna og samhliða séu greiðslur hins opinbera með börnum og meðlög með þeim ekki talin til tekna. Varðandi barnlausar fjölskyldur og einhleypa er sama hvor leiðin er valin, niðurstaðan verður sú sama. Ljóst er að nokkur munur getur því reynst á fjárhagsaðstoð milli sveitarfélaga. Leiðbeiningar ráðuneytisins um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og reglur flestra sveitarfélaganna um fjárhagsaðstoð er að finna á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

Það er mat ráðuneytisins að langflest sveitarfélögin hafi sett sér reglur sem uppfylla skyldur þeirra í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta atriði þarf þrátt fyrir það að kanna nánar og verður það gert um leið framkvæmd laganna verður rannsökuð í heild sinni. Má geta þess hér að ákveðið hefur verið í ráðuneytinu að gera á næstu mánuðum

¹ Fjárhæðir eftirtalinnna bótaflokka almannatrygginga, janúar 2005: Örorkulífeyrir 21,993 kr., tekju-trygging örorkulífeyrisþega 44.172, kr. og óskert heimilisuppbót 18.080 kr., samtals 84.245 kr.

könnun hjá sveitarfélögunum á framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, einkum með tilliti til fjárhagsaðstoðar, félagslegrar ráðgjafar og félagslegrar heimþjónustu.

4. Telur ráðherra réttlætanlegt að skattleggja fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að sú skattlagning verði afnumin?

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er staðgreiðsluskyld. Aðstoðin kemur iðulega í stað tekju- taps vegna áfalla, svo sem atvinnumissis eða heilsubreysts. Oftast er um tímabundna aðstoð að ræða til einstaklinga og fjölskyldna vegna framfærslu og nauðþurfta.

Langflestar greiðslur almannatrygginga eru skattlagðar og sama á við um atvinnuleysis- bætur. Þessar greiðslur eru meðhöndlaðar eins og tekjur og koma í stað tekna til framfærslu einstaklinga og í sumum tilvikum fjölskyldna. Til fróðleiks má benda á að fullar atvinnu- leysisbætur einstaklings að frádreginni staðgreiðslu skatta, stéttarfélagsgjaldi og lífeyris- sjóðsgreiðslu nema nánast sömu fjárhæð og fjárhagsaðstoð sveitarfélags eftir skatt ef miðað er við grunnfjárhæðina sem fram kemur í leiðbeiningum ráðuneytisins og mörg sveitarfélög miða við.

Að undanskilja fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna frá skattalagningu felur í sér mismunun gagnvart öðrum tekjulágum hópum, svo sem bótáþegum almannatrygginga, þeim sem fá atvinnuleysisbætur og þeim sem fá lægstu launin. Í þessu ljósi er erfitt að færa rök fyrir því að skattlagning á fjárhagsaðstoð verði afnumin og er félagsmálaráðherra ekki reiðubúinn til að beita sér fyrir slíku.